

Fimmtudaginn 8. apríl 1965.

Nr. 5/1964. **Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands
vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafé-
lagsins Öxuls**

(Stefán Sigurðsson hdl.)

gegn

**Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps f. h.
hreppsins.**

(Einar Árnason hdl.).

**Dómarar: Hákon Guðmundsson,
Gunnlaugur E. Briem, Bjarni K.
Bjarnason, Ragnar Ólafsson og
Einar B. Guðmundsson.**

Vinnusamningur talinn brjóta í bág við ákvæði kjara-
samnings. Vinnumiðlun.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 23. september f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Lands-
sambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins
Öxuls gegn hreppsnefnd Stykkishólmshrepps f. h. hrepps-
ins.

Dómkröfur stefnanda í stefnu málsins eru þessar:

- „I. Að samningur hreppsnefndar Stykkishólms við þá
Magnús Ísleifsson, Höгна Bæringsson og Bergmann
Bjarnason, alla í Stykkishólmi, samkv. tilboði þeirra,
dags. 1. júlí 1963, um sandflutning frá Grundarfirði
til Dráttarbrautar Stykkishólms í Skipavík, verði
dæmdur ógildur, samkv. 7. gr. laga nr. 80/1938.
- II. Að viðurkenndur verði réttur Vörubílstjórafélagsins
Öxuls til vinnumiðlunar, samkv. 4. gr. kjarasamnings
félagsins við hreppsnefnd Stykkishólms, dags. 6. júlí
1955, sbr. yfirlýsing aðila frá 22. ágúst 1963.
- III. Að viðurkenndur verði réttur til handa Vörubílstjóra-
félaginu Öxli og/eða einstakra félaga þess, til skaða-
bóta úr hendi stefnda v/Sveitarsjóðs Stykkishólms,

vegna alls sannanlegs tjóns, er félagsmenn hafa beðið vegna sammingsbrota stefnda við félagið.

IV. Að stefndi, f. h. Sveitarsjóðs Stykkishólms, verði dæmdur til sektargreiðslu, samkv. 70. gr. laga nr. 80/1938, vegna brota á 7. gr. sömu laga.

V. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.“

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá III. kröfulið dómkrafna sinna, en áskildi sér rétt til þess að fylgja fram skaðabótakröfu í sérstöku máli.

Í greinargerð sinni í málinu krafðist stefndi þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, en í munnlegum flutningi málsins féll hann frá kröfu sinni um frávisun, en lýsti jafnframt yfir því, að eigi fælist í þeirri breytingu á upphaflegri kröfugerð samþykki þess, að Félagsdómur dæmdi um málsatriði samkvæmt 3. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir.

Hinn 26. júní 1955 stofnuðu vörubílstjórar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu Vörubílfreiðastjórafélagið Öxul og náði starfssvið þess yfir nefndar sýslur. Hófst það því næst handa um að gera kjarasamninga við vinnuveitendur á félagssvæðinu. Hinn 6. júlí sama ár gerði það þannig samning við hreppsnefnd Stykkishólmshrepps vegna „vörubílstjóra í Stykkishólmi, sem eru félagar í Vörubílstjórafélaginu Öxull“, eins og í upphafi þess samnings segir. Svo var um samið í 1. gr. sammings þessa, að leigugjald fyrir vörubílfreiðar skyldi vera samkvæmt gjaldskrá Landssambands íslenzkra sjálfseignarbílfreiðastjóra. Þó var svo mælt í 6. gr., að væri ekið yfir 100 kílómetra miðað við 8 stunda vinnu eða skemmri tíma, skyldi greiða viðbótargjald, er var mismunandi eftir stærð bifreiðar. Í 4. gr. var ákveðið, að hreppurinn skyldi ávallt hafa frjálst val um það, hvaða féлага Öxuls hann tæki til vinnu, en þó var hreppnum skylt „sé þess krafist af stjórn félags-

ins, að sæta vinnujöfnun, sbr. gildandi samninga L.Í.S. við vegagerð ríkisins.“

Hinn 1. október 1956 samdi félagið við Sigurð Ágústsson í Stykkishólmi og er af hans hálfu og stefnda talið, að sá samningur hafi fallið niður fyrir uppsögn af hálfu Öxuls líklega árið 1957. Frá þeim tíma segja sömu aðiljar, að gilt hafi sú venja í samskiptum Sigurðar Ágústssonar og Öxuls og reyndar Stykkishólmshrepps líka, að greitt hafi verið fyrir tímavinnu vörubílstjóra samkvæmt gildandi tímavinnutöxtum Þróttar í Reykjavík, en akstur á langleiðum verið háður tilboðum eða samkomulagi hverju sinni.

Að því er varðar áðurnefndan samning við Stykkishólmshrepp er því haldið fram af hálfu hreppsins, að þeim samningi hafi einnig verið sagt upp af Öxli um sama leyti og framannefndum samningi við Sigurð Ágústsson. Þessu hefur stefnandi mótmælt og haldið því fram í flutningi máls þessa, að samningur Öxuls við stefnda frá 6. júlí 1955 hafi í reynd verið í gildi til 22. ágúst 1963, en að þeirri dagsetningu verður síðar vikið. Hins vegar fara eigi neinar sögur af samskiptum aðilja þessa máls, að því er kjarasamning þeirra varðar fyrr en 22. maí 1963. Þá ber þessi mál á góma í sambandi við fyrirhugaðan akstur á efni í bátabryggju og byggingu dráttarbrautar í Skipavík. Kveður stefnandi, að þáverandi sveitarstjóri Stykkishólmshrepps hafi fullyrt á hreppsnefndarfundi þann dag, að samningar milli hreppsins og Öxuls væru „lausir“. Segir stefnandi, að sveitarstjórinn hafi verið tekinn „trúanlegur“ um það, og síðar þ. e. í júlímánuði sama ár hafi Öxull ákveðið í samráði við fulltrúa Landssambands íslenzkra vörubifreiðastjóra, að byggja á þeim grundvelli, enda hafi sveitarstjórinn ætíð haldið því sama fram um það atriði, þótt beinar sannanir myndust eigi fyrir því, að samningnum hefði verið sagt upp. Hefur stefnandi í þessu sambandi skýrt svo frá, að hreppurinn hafi aldrei staðið í neinum stórframkvæmdum frá þeim tíma, er samningurinn frá 6. júlí 1955 var gerður. Þá hafi verið um mikinn akstur að ræða fyrir hreppinn í sam-

bandi við byggingu verbúða, og samkomulag þá um það, að skipta akstrinum nokkuð jafnt milli þáverandi sjálfseignarvörubílstjóra, en enda hafi það tekist í framkvæmd. Eigi vinnujöfnunarákvæði 4. gr. kjarasamningsins rætur sínar að rekja til aðstæðnanna 1955 og þá verið tekið upp í samninginn til þess að tryggja sömu vinnutilhögun, ef um líkar aðstæður yrði síðar að ræða. Á það hafi þó ekki reynt í neinu verulegu, fyrr en að því kom árið 1963 að hefjast átti handa um framkvæmdirnar í Skipavík, því til þess tíma hafi bifreiðaakstur í þágu hreppsins mestmegnis verið fólgin í akstri á ofaniburði við viðhald gatna og gatnagerð og engir teljandi árekstrar orðið milli Öxuls og hreppsins út af tilhögun þeirrar vinnu.

Af þessari skýrslu stefnanda og öðrum gögnum málsins verður að ætla, að eigi hafi um langan tíma gefist tilfni til sérstakrar athugunar á því, hvað liði kjarasamningum vörubílstjóra vestur þar. En vorið 1963 gerast þau atvik, er leiða vinnumiðlun og aksturslaun vörubílstjóra í Stykkishólmi fram í sviðsljós samskipta vinnuveitenda og Öxuls, stéttarfélags vörubílstjóranna. Var tilefni þess fyrirhugaðar framkvæmdir Stykkishólmshrepps við mannvirkjagerð í Skipavík og er þess þá fyrst að geta í þessu sambandi, að hinn 24. maí 1963 skýrir sveitarstjóri Stykkishólmshrepps Vörubílstjórafélaginu Öxli bréflega frá því, að hreppsnefndin hafi hinn 22. s. m. samþykkt, að fara þess á leit við félagið, að það gerði tilboð í akstur á mól og sandi frá Grundarfirði vegna hinnar fyrirhuguðu dráttarbrautar í Skipavík og fleiri framkvæmda. Segir í bréfi sveitarstjórans, að hér sé um að ræða rúmlega 1200 rúmmetra magn.

Þessu bréfi svarar Öxull hinn 27. júní og skýrir frá því, að „meðlimir félagsins hér í bæ“ hafi „samþykkt að taka að sér þetta verkefni miðað við umrætt magn, fyrir kr. 300.00 teningsmetrann“. Þá var tilboð þetta bundið því skilyrði, að sömu aðiljum yrði gefinn kostur á að flytja það sement, sem þyrfti til umræddrar mannvirkjagerðar, fyrir sama gjald og það „myndi kosta sjóflutt, komið í geymsluhús hér eða á vinnustað.“ Ámokstur var ekki inni-

falinn í tilboði þessu og bréfi Öxuls lýkur með þessum orðum: „Við mundum taka að okkur, að sjá um skiptingu á þessari vinnu milli félagsmanna hér“. Á bréf þetta rituðu samþykki sitt allir vörubilstjórar í Stykkishólmi, að Magnúsi Ísleifssyni undanskildum. Eigi varð úr samningum milli nefndra aðilja. Hins vegar samþykkti hafnarnefnd Stykkishólmshrepps hinn 8. júlí s. á., að taka tilboði Magnúsar Ísleifssonar, Höгна Bæringssonar og Bergmanns Bjarnasonar, dags. 1. s. m., um „sandflutning frá Grundarfirði til Dráttarbrautar Stykkishólms í Skipavík á 18.00 kr. per. tunnu án ámoksturs og sandtöku.“ Ennfremur samþykkti hafnarnefndin tilboð nefndra þremmninga um „sementsflutning frá Akranesi á 300.00 kr. per. tonn“. Þessi samþykkt hafnarnefndar var samþykkt á fundi hreppsnefndar Stykkishólmshrepps hinn 10. júlí 1963. Samþykkt hafnarnefndar mun hafa verið tilefni þess, að hinn 9. júlí ritar Vörubilstjórafélagið Öxull hreppsnefnd Stykkishólms á þessa leið:

„Að gefnu tilefni viljum vér taka fram, að vinnu-tilboð einstakra meðlima vorra eins eða fleiri, sem fela í sér verri kjör en kjarasamningar ákveða, eru óheimil án samþykkis félagsins og samningsaðiljum því ekki heimilt að notfæra sér.“

Jafnhliða þessu hófst vörubilstjórafélagið handa um það, að koma á hreint kjarasamningum sínum við Stykkishólmshrepp og byggði þá á þeim grundvelli, sem áður greinir, að samningar væru lausir. Í samræmi við þá stefnu reyndi félagið að framlengja samninginn frá 1955 eða að komast að samkomulagi um annan nýjan. Þær tilraunir báru eigi árangur og boðaði Öxull þá til verkfalls hjá Stykkishólmshreppi með tilkynningu, dags. 2. ágúst 1963. Eigi verður séð, að lögmæti þess verkfalls hafi verið véfengt af hálfu stefnda og varð niðurstaða málsins sú, að hinn 22. ágúst sama ár undirritaði Vörubilstjórafélagið Öxull og Stykkishólmshreppur yfirlýsingu þess efnis „að kaup- og kjarasamningurinn frá 6. júlí 1955 skuli gilda frá og með undirskriftardegi þessarar yfirlýsingar, og þar til væntanlegir heildarsamningar hafa verið gerðir.

Með þeim breytingum að kauptaxtaákvæði samningsins skuli færð til samræmingar við núgildandi samninga bifreiðastjórafélagsins Próttar Reykjavík.“

Með væntanlegum heildarsamningum í nefndri yfirlýsingu mun átt við það, að til stæði, að Landssamband vörubifreiðastjóra ynni að heildarsamningum vegna sambandsfélaga sinna um allt landið.

Verða nú kröfur stefnanda í máli þessu teknar til athugunar.

Um I. *Krafa um ógildingu á samningi Magnúsar Ísleifssonar o. fl.*

Í flutningi máls þessa hefur stefnandi byggt þenna lið dómkrafna sinna á því, að hvað sem liði þeirri afstöðu sinni í samskiptum við stefnda vorið og sumarið 1963, sem lýst hefur verið, þá hafi samningurinn frá 6. júlí 1955 raunverulega verið í gildi allan tímann til 22. ágúst 1963, er nýr kjarasamningur hafi verið gerður. Samningur Stykkishólmshrepps við Magnús Ísleifsson og fl. frá 1. júlí 1963 hafi falið í sér lakari kjör, en kjarasamningurinn mælti fyrir um og því verið ógildur frá upphafi samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga nr. 80/1938, og þá að sjálf-sögðu einnig eftir 22. ágúst 1963, þar sem hann þá braut einnig í bág við umsamið ökugjald miðað við þágildandi kjarasamning Próttar í Reykjavík.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu af þessum lið dómkrafna stefnanda á því, að eigi hafi neinn kjarasamningur verið í gildi milli Vörubílstjórafélagsins Öxuls og Stykkishólmshrepps, þegar hreppsnefndin samþykkti tilboð Magnúsar Ísleifssonar, Höгна Bæringssonar og Bergmanns Bjarnasonar hinn 10. júlí 1963. Samningur sá, er þá stofnaðist, hafi því eigi brotið í bág við ákvæði 7. gr. laga nr. 80/1938, enda hafi samningurinn við Magnús og nefnda samaðilja hans verið í samræmi við þá venju, sem farið hafi verið eftir vestur þar undanfarin ár um flutningsgjöld fyrir akstur með vörubifreiðum. Þá telur hann og, að samningsgerðin 22. ágúst 1963 geti eigi á nokkurn hátt haggð áðurgerðum löglegum samningi við

Magnús og nefnda félaga hans. Beri því að sýkna stefnda alfarið af þessum kröfulið.

Með vísun til þeirra málsatriða, sem rakin eru hér að framan, telur dómurinn, að byggja verði á því, að kjarasamningar milli aðilja máls þessa hafi verið „lausir“ eins og það er kallað, þegar stefndi hinn 10. júlí 1963 samþykkti áðurgreint tilboð Magnúsar Ísleifssonar og félaga hans um flutninga á steypuefni og sementi. Var því eigi þá í gildi neinn kjarasamningur, er takmarkaði samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 rétt stefnda til þess, að semja við vörubílstjóra í Stykkishólmi, um það endurgjald fyrir þjónustu, er þeir létu honum í té, sem samkomulag varð um milli hans og einstakra vörubílstjóra. Með yfirlýsingu þeirri, sem stefndi og Vörubílstjórafélagið Öxull undirrituðu hinn 22. ágúst 1963 varð hins vegar sú breyting á réttarsambandi stefnda og Öxuls, að þá stofnaðist þeirra í milli kjarasamningur samkvæmt 6. gr. áðurnefndra laga með því efni, sem greinir í fyrrnefndum kjarasamningi frá 6. júlí 1955, að undanskildum ákvæðum hans um laun fyrir akstur, en í stað þeirra komu þágildandi kaup-taxta-ákvæði í kjarasamningum Þróttar í Reykjavík. Þegar þetta gerðist voru þeir Magnús Ísleifsson, Högni Bæringsson og Bergmann Bjarnason félagsmenn í Öxli. Frá þeim tíma, er hinn nýi kjarasamningur tók gildi voru þeir vinnusamningar stefnda við félagsmenn Öxuls, er fólu í sér lakari kjör en kjarasamningurinn kvað á um, ógildir samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938, ef þeir voru eigi samþykktir af hálfu félagsins. Telja verður, að samningar stefnda við Magnús Ísleifsson og félaga hans hafi fjallað um störf, er féllu undir kaupákvæði kjarasamningsins frá 22. ágúst 1963 og eru aðiljar máls þessa samsaga um það, að samningurinn, sem stofnaðist milli stefnda og þremmenninganna með tilboði þeirra 1. júlí og samþykki stefnda 10. sama mánaðar, hafi verið þeim óhagstæðari en ákvæði kjara-samningsins kváðu á um þóknun fyrir sömu störf.

Af því, sem áður greinir um afstöðu Öxuls til samningsgerða stefnda við Magnús Ísleifsson og félaga hans, er ljóst, að stefnda gat ekki dulist, er hann gerði hinn nýja

kjarasamning 22. ágúst 1963, að fyrirvarsmenn Öxuls voru mjög mótfallnir oftnefndum samningi þremmenninganna við stefnda og vildu fá hann úr gildi numinn. Eigi var þá af stefnda hálfu gerður neinn fyrirvari um það, að hann skyldi gilda áfram. Þar sem svo stóð á er nú var lýst verður að skýra ákvæði 7. gr. laga nr. 80/1938 á þá lund, að oftnefndur samningur stefnda og Magnúsar Ísleifssonar og félaga hans hafi frá 22. ágúst 1963 orðið ógildur að því leyti, sem hann fullnægði eigi fyrir mælum kjarasamnings þess, er undirritaður var af aðiljum máls þessa nefndan dag. Ber að því leyti að taka þenna kröfu-lið stefnanda til greina.

Um II. *Krafa stefnanda um vinnumiðlun.*

Samkvæmt kröfum og málflutningi stefnanda telur hann, að stefndi hafi allt frá 6. júlí 1955 verið bundinn samningsskyldu um það, að verða við kröfu af stefnanda hálfu um vinnujöfnun. En svo sem áður er rakið, verður eigi talið, að ákvæði kjarasamningsins frá 1955 hafi verið í gildi milli aðilja máls þessa, þegar stefndi samdi við þá Magnús Ísleifsson, Högnna Bæringsson og Bergmann Bjarnason í júlímánuði 1963 um áðurgreinda flutninga. Var stefndi samkvæmt þessu eigi þá bundinn samningsskyldu um vinnujöfnun gagnvart Vörubilstjórufélaginu Öxli. Með kjarasamningi þeim, er stofnaðist milli síðastnefndra aðilja 22. ágúst 1963, skuldbatt stefndi sig hins vegar frá þeim tíma til þess „að sæta vinnujöfnun“, ef stjórn Öxuls krefðist þess, „sbr. gildandi samning L.Í.S. við vegagerð ríkisins“, eins og það er orðað í kjarasamningnum. En í tilvitnuðum samningi við vegagerð ríkisins þeim, sem í gildi var 22. ágúst 1963, er svo mælt, að vegagerðinni sé skylt, „að sæta vinnujöfnun af hálfu bilstjórufélaganna, ef þau óska þess að sjá um framkvæmd hennar, enda sé ekki skipt oftari um bíl en vikulega“. Verður að skýra oftnefndan kjarasamning málsaðilja svo, að skylda stefnda til að verða við kröfu af hálfu stjórnar Öxuls um vinnujöfnun — en slíkri skyldu hefur stefndi ekki almennt mótmælt — sé háð nefndri takmörkun í

samningi vegagerðarinnar um vikulega skiptingu á vörubílstjórum til aksturs.

Samkvæmt þessu ber að taka þenna kröfulið stefnanda til greina með nefndri takmörkun.

Um III. *Skaðabótakrafan.*

Með því að stefnandi hefur samkvæmt framanskráðu fallið frá þessum kröfulið kemur hann eigi til álita hér.

Um IV. *Krafa stefnanda á hendur stefnda um greiðslu sektar.*

Eigi eru í máli þessu efni til að dæma stefnda til greiðslu sektar og verður sú krafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.000,00 upp í málskostnað.

Dómsorð:

- I. Stefndi, hreppsnefnd Stykkishólmshepps, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Alpýðusambands Íslands vegna Landssambands vörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjóraráfélagsins Öxuls, um greiðslu sektar.
- II. Framangreindur samningur stefnda við Magnús Ísleifsson, Högna Bæringsson og Bergmann Bjarnason, samkvæmt tilboði þeirra 1. júlí 1963 skal vera ógildur frá 22. ágúst 1963, að því leyti sem hann kveður á um lægra endurgjald þeim til handa fyrir akstur, en kjarasamningur stefnda og Vörubílstjóraráfélagsins Öxuls frá 22. ágúst 1963 ákveður.
- III. Stefnanda er rétt að krefjast vinnujöfnunar samkvæmt 4. gr. kjarasamnings við stefnda, dags. 22. ágúst 1963, enda verði eigi skipt um vörubifreið oftár en vikulega.

Stefndi greiði stefnanda kr. 2000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.
